



Borgarráð

Reykjavík, 8. júlí 2025
MSS24010165

**Samkomulag um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu
hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Sjúkratrygginga Íslands og Seljahlíðar, heimili aldraðra, um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins að Hjallaseli 55.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag Sjúkratrygginga Íslands og Seljahlíðar, heimili aldraðra, um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins að Hjallaseli 55, dags. 27. júní 2025.



Reykjavík

Samkomulag

Sjúkratryggingar Íslands (Sjúkratryggingar), kt. 650309-0220, og Seljahlið, heimili aldraða (verksali), kt. 430486-1529, gera með sér svofellt samkomulag um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins að Hjallaseli 55, Reykjavík, dags. 20. desember 2019, með síðari breytingum.

Með bréfi dags. 23. febrúar 2023 sagði borgarstjóri Reykjavíkurborgar, f.h. verksala upp ofangreindum samningi.

Með samkomulagi þessu hafa samningsaðilar komið sér saman um frekari frestun á framkvæmd uppsagnar hjúkrunarrýmanna og þar með verklokum til og með 31. desember 2025. Alls eru við undirritun samkomulag þessa 8 hjúkrunarrými í rekstri í Seljahlið.

Þá felur samkomulag þetta jafnframt í sér framlengingu á tilhögun greiðslna, sbr. samkomulag dags. 20. september 2024. Sjúkratryggingar greiða því verksala áfram, gegn framvísun reiknings, kr. 8.625.400,- mánaðarlega frá og með júlí 2025 til og með desember 2025. Greiðslan er til viðbótar greiðslum skv. ofangreindum samningi.

Frá undirritun samkomulags þessa skal verksali nýta öll 8 hjúkrunarrýmin, sem eru laus og koma til með að losna, sem skammtímarými. Hefur verksali því heimild til að nýta 4 hjúkrunarrými sem biðhjúkrunarrými og 4 hjúkrunarrými sem hvíldarrými. Til nánari útskýringar eru biðhjúkrunarrýmin ætluð einstaklingum sem flytjast beint af Landspítala, eru með gilt færni- og heilsumat í varanlegt hjúkrunarrými og bíða eftir varanlegu hjúkrunarrými á öðru hjúkrunarheimili.

Verksali hefur heimild til að ráðstafa rýmum, m.t.t. skiptingar milli tegunda, með öðrum hætti en lagt er upp með í 5. mgr. samkomulags þessa, ef þörf fyrir annarri hvorri rýmategundinni reynist umfram skilgreindan fjölda. Þá geta Sjúkratryggingar jafnframt óskað eftir slíkum breytingum.

Verksali skal eigi síðar en 30. september 2025 upplýsa Sjúkratryggingar um hvernig staðið verði að lokun hjúkrunarrýmanna með tilliti til þeirra íbúa sem í þeim verða á þeim tíma.

Þá er sú breyting gerð á 3. mgr. 8. gr. samningsins á þann veg að húsnaðisfermetrar eru nú 480 fm. í stað 1.200 fm.

Samkomulag þetta gildir frá og með 1. júlí 2025 til og með 31. desember 2025.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 27. júní 2025

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti

Bókun

Á fyrri hluta gildistíma samkomulagsins skulu samningsaðilar kanna möguleika þess að taka til skoðunar tillögur sem fram kom í verklókaáætlun verksala, dags. 22. febrúar 2025.

Undirritunarsíða

F.h. Sjúkratrygginga Íslands
Anna Krístrún Einarsdóttir

F.h. Seljahlíðar, heimilis aldraðra
Þorsteinn Gunnarsson

F.h. Sjúkratrygginga Íslands
Guðlaug Björnsdóttir

Staðfesting f.h. heilbrigðisráðherra
Ásta Valdimarsdóttir